


| | Bls. |
|---|------|
| Vísnaþeppnin 1984..... | 1 |
| Vísnaþeppni 1985..... | 1 |
| Hannes Pétursson: Vísnaþál..... | 2 |
| Héraðsbókaþafn Skagfirðinga, Safnaþús Skagfirðinga: Ársskýrsla 1984..... | 9 |
| Greinargerð um Héraðsskjalasafn Skagf. 1984..... | 12 |
| Skjalasafn hreppanna í Skagafjarðarsýslu Úr Héraðsskjalasafni..... | 15 |
| Úr myndasafni..... | 23 |
| Hver er maðurinn?..... | 26 |

9. árgangur 1985

safnaþál maþál



Útgefandi:
HÉRAÐSSKJALASAFN SKAGFIRÐINGA
og
HÉRAÐSBÓKASAFN SKAGFIRÐINGA
SAUÐÁRKRÓKI

Gefið út með styrk úr
MENNINGARSJÓÐI
MAGNÚSAR BJARNASONAR
kennara

Umsjón:
HJALTI PÁLSSON
KÁRI JÓNSSON
KRISTMUNDUR BJARNASON

Ábyrgðarmaður:
KÁRI JÓNSSON

AKUREYRI
PRENTVERK ODDS BJÖRNSSONAR HF.
MCMLXXXV

Vísnaþkeppnin 1984

Þar eð þátttakendur í vísnaþkeppninni 1984 voru aðeins þrír, þótti ekki fundarfært. Keppnin féll því niður, en þökk sé þeim, sem hlýddu kalli og sendu stökur.

Vísnaþkeppni 1985

Þótt vísnaþgleðin virðist tekin að dvína, skal enn fitjað upp á fyrriþörtum og beðið um botna:

1. Menn eru að þrátta um þetta og hitt,
og það er fátt af svörum. . .
2. Oft er veröld glettin, grá,
gleði að breyta í sorgir. . .
3. Stundum þegar stórt er spurt
stendur mjög á svörum. . .

Skilafrestur er til 30. apríl 1986. Botnana skal merkja dulnefni. Höfundarnafn fylgi í lokuðu umslagi. Kveðskapinn skal senda til Héraðsskjalasafns Skagfirðinga, Sauðárkróki.

K. B.

Safnamál . 1

Vísnamál

Ýmsar stökur fyrri tíðar

1.

Sunnan Drangeyjar á Skagafirði rís úr sjó kunnur bergstandur sem heitir Kerling, steinrunnin tröllkona. Karlinn, bóndi hennar, gnæfði utar, 90-100 metra frá eyjarhorninu að norðvestan. Eyjan sjálf var kýr þeirra, sbr. sögu í safni Jóns Árnasonar. Karlinn við Drangey stóð allt fram til anno 1755. Hinn 11. september það ár gengu jarðskjálftar norðanlands, einkum í Þingeyjarsýslu. Þar hrundu margir bæir. „Einninn kirkja í Húsavík“ segir í Höskuldsstaðaannál „og dönsku búðir þar. Dranginn við Drangey hrapaði.“

Margt hefur verið kveðið um Drangey og sögu hennar að fornu og nýju. Meðal þess eru tvær stökur, nú víst flestum gleymdar, eldri en frá 1755, því Karlsins er þar getið jafnt sem Kerlingar. Höfundar munu vera ókunnir. Önnur þeirra hefur lítið við sig; er sennilega kveðin af manni sem kom til eyjarinnar um vor til veiðiskapar:

Heil og sæl með höppin fín,
herma skal í ljóðum,
Drangey, Karl og Kerling mín,
karfa frammi' á slóðum.

Hin er svo:

Skatnar róa út Skagafjörðinn.
Skír veðráttan fellur mjúk.

Safnamál . 2

Karlinn ber í Kringluskörðin,
Kerlinguna í Ennishnjúk.

Kringla heitir syðsti hluti Málmeyjar, og skilur hana lítið skarð (eiði) frá höfuðeynri. Kringluskörðin hlýtur að vera skáldaleyfi, ekki er nema eitt skarðið.

Guð má vita, hvort vísa þessi lýsir gömlu fiskimiði fremur en útsýn í framróðri — að höfundinum yrði lítið austur um, rétt í þeim svifum sem hann bjó til hendingarnar. Aftur á móti er ljóst hvar báturinn var, þá er vísan fæddist: nefnilega stuttan spöl vestan Drangeyjar.

2.

Merkisfólk þóttu Reynistaðarhjón vera, Einar Stefánsson umboðsmaður og Ragnheiður Benediktsdóttir. Þau dóu bæði árið 1871. Líkt og verða vill féllu misjafnir dómur um þau, og mislitar vísur voru þeim sendar, jafnt beint sem á bak. Eitthvað munu þau hafa verið hagnælt sjálf, að minnsta kosti segir í sumum heimildum að Einari yrði vísa á munnri ungum, þegar hann sá að hann lyki ekki skólagöngu til prestsembættis. Vísan, allfræg, hefur stundum verið sögd kveðin um Einar af hinum eða þessum, en það er óvíst mál:

Aldrei skírir Einar barn á ævi sinni.
Lífið þó að þrautum linni,
þyngsli ei verða af prestshempunni.

Einhvern tíma stakk maður í beinakerlingu suður á fjöllum
hringhendri vísu, sem að sögn var ætluð Einari á Reynistað:

Hart úr máta grennir grið,
girndir játar sínar;
Einar kátur krýpur við
kviðargrátur mínar.

Safnamál . 3

Þegar Einar Stefánsson kvaddi þetta líf, mælti ónafngreindur vísnaðsmiður, sem bar ekki til hans kaldan hug:

Nú er Einar umboðsmaður
allra meina bættur sinna.
Þú munt, Reyni- stóri -staður,
stjórnargreinarmuninn finna.

Húsfrú Ragnheiður varð hagarðum mönnum eigi síður að yrkisefni en umboðsmaðurinn sjálfur. Sigvaldi Jónsson skáldi kvað:

Ragnheiður mín á Reynistað
réttvæn má heita kona,
henni þó margur hnýti að;
heimurinn lætur svona.

Ótilgreindum höfundu, sem vildi segja sitt um húsbændurna á Reynistað, fórust orð á þessa lund:

Reynistaðar ríku hjón,
rýr að flestum dáðum;
hún er svarri, en hann er flón.
Hossi þeim skrattinn báðum.

Magnús Sigurðsson, skálds Guðmundssonar á Heiði í Göngu-skörðum, átti haust nokkurt í Staðarrétt tal við Einar umboðsmann. Þar kom samræðunum, að Einar sagði Magnúsi að skjótast heim að Reynistað og fá sér kaffisopa hjá kvenþjóðinni. Magnús lét ekki segja sér þetta tvisvar. Hann hitti fyrir húsfrú Ragnheiði, en hún bauð honum enga kaffihressingu þegar til kom, og hann sneri aftur til réttarinnar að svo búnu. Seinna sama dag birtist frúin þar. Hún kallar til Magnúsar og biður hann að gera vísu um sig. Hann segir:

Yfir mænir mannhringinn
mikið væna drottningin. . .

en þagnaði svo. Ragnheiður bað hann að halda áfram. Magnús botnaði:

mjög vel kæn og margskiptin,
mælir í spæni góðverkin.*

Búandkarl einhver í grennd við Reynistað fékk að nota kvörn þar heima á setrinu til kornmölunar. Húsfrú Ragnheiður hafði á orði að kvörnin eyddist við þessa miklu brúkun. Maðurinn sá að hér var yrkisefni, af því frúin var haldin frek til fjörsins, og mælti við hana áður en hann kvaddi:

Kvarnarlánið þakka ég þér,
þó að lítið segi.
Það bilar flest sem brúkað er
bæði á nótt og degi.

Margir sneru sér til hinnar háu húsfrúar á Reynistað með alls konar bænir um fyrirgreiðslu — kvarnarlán var minnst af því. Á bágunum tímum horfði snauður almúgi til stórbúanna, vænti sér stuðnings þaðan. Því var kveðið í Skagafirði:

Ragnheiður mín á Reynistað er rausnarkona.
Upp á hana allir vona.
Ósköp er að láta svona.

3.
Örnefnið *Fremri-Skörð* er sjaldheyrt í Skagafirði nú á dögum — eða *Skörð*, sem mun hafa verið algengara — en svo nefndist Stóra-Vatnsskarð og dalir út frá því. Málvenja var að segja á Skörðum, á Fremri-Skörðum.

* Sjá þó *Féðraspor og fjörusprek* eftir Magnús Björnsson á Syðra-Hóli, Ak. 1966, bls. 157.

Byggð er nú minni en lengi var á Skörðum. Þar þótti gott til fjárbúskapar, en vetrarríki að sjálfsögðu meira en í lágsveitum.

Á Skarðabæjum kviknuðu stökur eins og annars staðar í landi. Hér verða teknar upp þrjár þeirra — ofurlitlar myndir þaðan úr fjallasalnum.

Maður, sem ekki er nefndur, kvað svo, að líkindum á öldinni síðustu:

Dagur mætur sýnir sig,
sést á ljóra mörgum.
Ég á fætur jaga þig,
Jón á Valabjörgum.

Ingibjörg Björnsdóttir hét kona úr Húnavatnssýslu, greind, greiðasöm og vel hagorð. Hún átti heima um langan aldur í Seyluhreppi, síðast á Fjalli, dó þar í hárrí elli 1928. Ingibjörg var vinnukona í Valadal 1874-76. Þá, fremur en síðar á ævi, er mælt að hún gerði eftirfarandi vísu:

Tíðin ýtum tjáist hörð,
telst því lítil gleðin.
Illt er að líta upp í Skörð,
eru þau hvít og freðin.*

Árin 1883-91 bjó með ráðskonu í Valagerði Ólafur Stefánsson, húnvetnskur maður á miðjum aldri, seinna lengi nokkuð í Víðimýrarseli, en síðast í Borgarey, dáiinn 1913. Ólafur hafði góðar smiðshendur og var þrifamaður í búverkum, en eigi efnamikill. Hann orti ýmislegt, margt af því kenningaborið, og átti til skáldlegar líkingar.

Í Valagerði kvað Ólafur þessa vísu:

* Vísan er hér skv. uppskrift Magnúsar á Syðra-Hóli í Lbs. 2445, 8vo, en á öðru blaði í sama hdr. er önnur línan: *taþast hlýtur gleðin*, og upphaf þriðju línu: *Aumt er. . .*

Býr í fjöllum bóndi frjáls,
bú hans miðlar gagni,
þó sólin lágt um háan háls
hleypi gullnum vagni.

4.

Séra Páll Jónsson (1818-1870) er í röð hinna merkari manna sem hafa setið Hvamm í Laxárdal. Hann var fæddur á Fjalli í Kolbeinsdal, og bjuggu foreldrar hans síðan á jörðum í Hólahreppi og Viðvíkursveit.

Séra Páll tók vígslu 1847 (í Viðeyjarkapellu), varð fyrst aðstoðarprestur séra Jóns Jónssonar á Miklabæ og gekk að eiga dóttur hans, Steinunni. Hann fékk Hvammsprestakall 1853, en Höskuldsstaði á Skagaströnd 1866, og þar andaðist hann í brauði sínu.

Fleira en eitt var séra Páli Jónssyni til lista lagt; hann þótti laginn smiður, hagnætur og hneigður til fræða, en þess er þó frammar öðru minnst nú á tíð, að hann skráði margar þjóðsögur handa Jóni Árnasyni og kunni vel með þær að fara.

Magnús á Syðra-Hóli hefur lýst séra Páli svo í einum þátta sinna: „Hann var örlyndur og hreinlyndur, drengskaparmaður en fljótur að skipta skapi og þá einatt gustmikill í fyrstu lotunni. Hann var gáfumaður og góður prestur. . .“

Stökur er að hafa sefn snúa að séra Páli, tvær að minnsta kosti. Það var einhvern dag í góðviðri að sóknarmaður hans, Gísli bóndi Guðmundsson á Herjólfsstöðum, kom heim í hlað í Hvammi og heyrði út hávaðatal prests og maddömu innan úr stofu. Hann setti saman hendingar:

Hlákublæ með hlýjum yl
hvergi fæ ég dulið,
en þó vægir ekki til
innanbæjarkulið.

Meðan séra Páll hélt Höskuldsstaði var ort, en höfundur óvís:

Suður á tjörnum sá ég lóm,
söng hann stirðu máli.
Honum var ekki hægt um róm
heldur en séra Páli.

5.

Sveinn Gunnarsson, hinn þekkti maður, bjó af mikilli atorku á Mælifellsá 1893-1909. Hann var vísnaplaður mjög og vígreifur. Tvær stökur orti hann um búskap sinn á Mælifellsá, sem höfundur þessarar syrpu hefur ekki séð prentaðar. Önnur þeirra er þannig:

Hrís og víðir vex í fríðu skarði.
Mælifellsá þolir það
þó ég gelza kaupi að.

Hin er ferskeytt, með hnykkáherslu í byrjun:

Af nautgripum fullt er fjós,
fjánhús öll af rollum.
Stóðhrossin við stjörnuljós
stikla á þúfnakollun.*

Hannes Pétursson.

* Vísan er hér prentuð skv. sögn Sigurðar Egilssonar í Stekkjarholti. Á miða í Lbs. 2443, 8vo, er hún eignuð séra Sigfúsi Jónssyni á Mælifelli og fyrriparturinn hafður lítið eitt á annan veg: *Af stórgripum þó fullt sé fjós, / fjánhús öll með rollum.* Sigurður í Stekkjarholti sagði að Sveinn hefði sent séra Sigfúsi vísuna. Þar gæti legið skýring þess, að faðernið skolaðist til í áðurnefndri uppskrift.

Héraðsbókasafn Skagfirðinga Safnahús Skagfirðinga

ÁRSSKÝRSLA 1984

Héraðsbókasafnið var eins og nokkur undanfarin ár opið 16 stundir, 5 daga vikunnar, mánudaga - miðvikudaga kl. 4-7 s.d., fimmtudaga kl. 7.30-10 s.d. og föstudaga kl. 2-6.30 s.d. Í júlí og ágúst var þó útlánadögum fækkað vegna sumarleyfa og einungis opið á mánudögum og fimmtudögum á fyrrgreindum tímum.

Lánþegar frá 1. júlí 1984 til 31. maí 1985 urðu alls 538 og hafði fækkað nokkuð. Barnaskírteini voru 164, en fullorðinsskírteini 374. Gjald fyrir lánsskírteini var ákveðið frá 1. júní til jafnlengdar næsta árs kr. 250 fyrir fullorðna, en kr. 60 fyrir börn og lífeyrisþega. Sektargjald var 50 aurar á bók fyrir hvern vanskiladag. Hver lánþegi mátti hafa allt að 10 bækur í einu, börn þó aðeins 4 og lánstíminn 21 dagur nema 10 dagar á nýútkomnum bókum.

Gestir, sem fengu léðar bækur, urðu alls 8.312, börn 2.296 og fullorðnir 6.016. Heildarútlán urðu 35.464 bindi, og er það rúmlega 3% aukning frá fyrra ári (34.340). Útlán skiptust þannig, að lánaðar voru 7.848 barnabækur, en alls 27.616 bækur fyrir fullorðna. Nánar greinist þetta þannig niður, að skáldsögur voru 20.787, flokkabækur 6.687, tímarit og fræðibækur af lestrarsal 110 og blindrabækur 32. Útgerðarfélag Skagfirðinga fékk lánuð 635 bindi bóka til togaranna þriggja og lán til skóla og annarra safna urðu alls 19.

Í safnið bættust 730 bindi á árinu, og voru skráð númer í árslok 20.000. Bundin voru 49 bindi og 29 bækur í kjölfestuband, alls 78 bindi.

Á seinni hluta ársins voru fengnar að láni bækur frá bókasafni Norræna hússins. Var þetta gert í samstarfi við Norræna félagið á Sauðárkróki. Útlán á þessum bókum í nóvember og desember urðu alls 52.

Unnið var nokkuð að eflingu og endurskipulagi á handbókasafni. Með tilkomu Fjölbautaskólans á Sauðárkróki hefur vaxið mjög þörf fyrir margs konar fræðirit og handbækur, því nemendur koma í auknum mæli til safnsins í heimildaleit vegna ritgerða sinna, og er reynt eftir því sem kostur er að svara þörfum þeirra.

Hinn 29. nóvember var þess minnst, að á árinu voru 80 ár liðin frá stofnun Sýslubókasafns Skagfirðinga, en af þeim kvisti er Héraðsbókasafn Skagfirðinga vaxið. Stjórn og starfslíð safnanna kom þá saman til kaffidrykkju ásamt sýslunefnd Skagafjarðarsýslu og bæjarstjórn Sauðárkróks. Kári Jónsson formaður bókasafnsstjórnar hélt þar tölu og lýsti tilefninu, en síðan flutti Hjalti Pálsson bóka-vörður erindi um bókasafnið og bækur og bókasöfnun almennt.

Ýmsir urðu til að gefa bókasafninu bækur, blöð eða tímarit og eru þeim öllum færðar beztu þakkir. Skrá yfir gefendur fylgir hér aftar.

SAFNAHÚS SKAGFIRÐINGA

Starfsemi í Safnahúsinu var með líku sniði og undanfarið. Elías B. Halldórsson fékk vinnuáðstöðu í sýningarsal hússins eins og fyrra ár og tónlistarskólinn fékk að hafa þar æfingartíma tvisvar í viku.

Fundahöld voru með meira móti í Safnahúsinu. Bæjarstjórn hélt 19 fundi og sýslunefnd sat þar á fundi í 5 daga. Aðrir fundir hinna ýmsu félaga og samtaka urðu 35. Dómþing eða réttarhöld urðu 3.

Tónleikar urðu 6 á árinu, þrennir hjá nemendum tónlistarskólans, en auk þess komu þau Edda Erlendsdóttir píanóleikari, Þórólfr Stefánsson gítarleikari og söngkonan Diddú og héldu hvert sína tónleika.

Sýningar urðu 4. Flugklúbbur Sauðárkróks gekkst fyrir sýningu á myndum og prentuðu efni varðandi flug, Norræna félagið fékk hingað sýningu frá finnska grafíklistamanninum Simo Hannula, Óli G. Jóhannsson frá Akureyri sýndi grafíkmyndir og loks var Sæluvikusýningin á vegum Safnahússins og Listasafns Skagfirðinga. Þar voru uppi verk 6 grafíklistamanna, þeirra Ingunnar Eydal, Jóhönnu Bogadóttur, Jónínu Láru Einarsdóttur, Kjartans Guðjónssonar, Lísu K. Guðjónsdóttur og Sigrid Valtingoer.

Í húsinu var unnið að frágangi á skjalageymslu á fyrstu hæð. Salurinn var málaður, sett upp lýsing og lagt parkett á gólf. Auk þess var keyptur þangað hillubúnaður.

Tveir fræðimenn dvöldust um stuttan tíma í gistiherbergi hússins.

Starfslíð safnanna var óbreytt frá fyrra ári: Hjalti Pálsson bóka-vörður og forstöðumaður Safnahússins í fullu starfi, Kristmundur Bjarnason skjalavörður í hálfu starfi, Anna Pálsdóttir afgreiðslumaður í bókasafni í hálfu starfi og Jóna Sveinsdóttir, sem annaðist ræstingu.

Stjórn safnanna var einnig óbreytt: Kári Jónsson formaður, Rögnvaldur Gíslason og Sigurlaug Sveinsdóttir fulltrúar Sauðárkróksbæjar og Kristmundur Bjarnason og séra Gunnar Gíslason fulltrúar Skagafjarðarsýslu.

Skrá yfir gefendur til bókasafnsins:

Baldur Bragason, Víðigrund 24, Sauðárkróki.
Egill Helgason, Skógargötu 17, Sauðárkróki.
Erna Ingólfssdóttir, Knarrarstíg 1, Sauðárkróki.
Guðmundur Sigurðsson, Freyjugötu 38, Sauðárkróki.
Jón Eiríksson, Djúpadal.
Kristín Sigurðardóttir, Heiðarlundi 11, Garðabæ.
Kristmundur Bjarnason, Sjárvarborg.
Ólafur Sveinsson, Víðihlíð 14, Sauðárkróki.
Páll Pálsson, Hólavegi 42, Sauðárkróki.
Snorri Evertsson, Víðihlíð 31, Sauðárkróki.

Hjalti Pálsson.

Greinargerð um Héraðsskjalasafn Skagfirðinga 1984

Starfræksla Héraðsskjalasafns Skagfirðinga var með líkum hætti og undanfarið, unnið að: flokkun, handritalýsingum, skráningu handrita og skjalgagna. Nokkuð var og fengizt við afritun hljóðbanda á snældur („kasettur“). Viðmælendur/flytjendur á þeim eru flestir Skagfirðingar.

Það er nýmæli, að hafin er gerð lykilskráa við almenn handrit í safninu. Eins og áður hefur verið tekið fram í þessu riti (Safnamál 1984), er handritasafnið orðið svo mikið að vöxtum, að það er undir hælinn lagt, hvernig afgreiðsla gengur hverju sinni, þar eð engar eru lykilskrárnar. Mannanafnaskrá við handritalýsingar rúmlega eitt þúsund handrita er vel á veg komin í spjaldskráningu, en ógjörningur er að ráða allar þær „nafnagátur“, sem við er að glíma, þótt fullt nafn sé fengið. Það segir jafnan litla sögu án nánari skilgreininga, svo sem heimilisfesti. Lítið sem ekki hefur verið unnið að gerð efnislykla.

Ljósmyndasafninu bætast alltaf myndir, einkum mannamyndir, og er raunar unnið að söfnun til þess, svo og myndgreiningu árið um kring, þótt spjaldskráning gangi hægt.

Héraðsskjalasafn Skagfirðinga hefur hlotið styrk frá Þjóðhátíðarsjóði Seðlabanka Íslands til lykilskráningar, kr. 60.000. Menningsjóður Kaupfélags Skagfirðinga hefur um árabíl hlynnt að

safninu, nú (1984) með 15.000 króna fjárstyrk. Héraðsskjalasafn Skagfirðinga færir gefendum beztu þakkir fyrir veitta aðstoð.

Áður hefur gætt barlóms í þessum skýrslum, kvartað yfir, að menntamálaráðuneyti hafi ekki rækt skyldu sína um styrk til handa safninu, svo sem lög virðast mæla fyrir um. Það er nú liðin tíð, og mál var að linnti: Rétt fyrir jólin barst safninu styrkur frá ráðuneytinu: kr. 6.125,00 — sex þúsund eitt hundrað tuttugu og fimm krónur!

Gestir safnsins reyndust 577. Rekin erindi utan afgreiðslutíma á safninu: 226.

Fjöldi manna færði safninu gjafir á árinu: handrit, ljósmyndir, bækur. Safnið þakkar öllum, sem þannig hlúðu að því.

K. B.

Skrá yfir gefendur

Árni Bjarnarson, Lyngholti 14c, Akureyri.
Árni Sigurðsson pr., Blönduósi.
Björn Egilsson frá Sveinsstöðum, Lýtingsstaðahreppi.
Björn Jónsson, Bæ, Höfðaströnd.
Friðrik Hallgrímsson, Hjallalandi, Staðarhreppi.
Gísli Sigurðsson, fv. bóka., Siglufirði.
Guðfinna Karlsdóttir frá Nípa, Köldukinn, Þing.
Guðjón Sigurðsson, Aðalgötu 5, Sauðárkróki.
Guðmundur Eiríksson frá Breið, Lýtingsstaðahreppi.
Guðrún Guðmundsdóttir frá Syðra-Vatni, Dynskógum 7, Hveragerði.
Guðrún Reykdal, Siglufirði.
Gunnar Pálsson, Holtsmúla, Staðarhreppi.
Guttormur Óskarsson, Skagfirðingabraut 25, Sauðárkróki.
Hannes Pétursson, Túngötu 25, Álftanesi.
Hekla Ragnarsdóttir, Suðurbyggð 2, Akureyri.
Héraðsskjalasafn Akureyrarbæjar og Eyjafjarðarsýslu.
Héraðsskjalasafn Austur-Húnavetninga, Blönduósi.
Héraðsskjalasafn Suður-Þingeyinga, Húsavík.
Héraðsskjalasafn Svarfdæla, Dalvík.

Hjalti Pálsson, Raftahlíð 57, Sauðárkróki.
 Hlíf Árnadóttir og Kristmundur Bjarnason, Sjárvarborg, Skarðshreppi.
 Hreinn Hreinsson, Aðalgötu 20, Sauðárkróki.
 Indriði G. Þorsteinsson, Heiðargerði 1a, Reykjavík.
 Ingólfur Nikódemusson, Freyjugötu 3, Sauðárkróki.
 Jóhannes Geir Jónsson, Heiðarbæ 17, Reykjavík.
 Jónas Haraldsson, Völlum, Seyluhreppi.
 Júlíus J. Danielsson, Dalsseli 40, Reykjavík.
 Kristbjörg Guðmundsdóttir frá Ási, Hlíðarstíg 1, Sauðárkróki.
 Kristín Helgadóttir frá Tungu í Gönguskörðum (Mrs. M. Jónsson), 15 Banach St., Maddington, W.-Australia.
 Magna Sæmundsdóttir, Hríseyjargötu 2, Akureyri.
 María Magnúsdóttir, Sléttahrauni 23, Hafnarfirði.
 Marteinn Steinsson, Freyjugötu 48, Sauðárkróki.
 Pála Pálsdóttir, Suðurbraut 19, Hofsósi.
 Ragnar Eiríksson, Gröf, Höfðaströnd.
 Rögnvaldur Gíslason, Smáragrund 17, Sauðárkróki.
 Samband skagfirzkra kvenna.
 Sigurjón Páll Ísaksson, Stóragerði 4, Reykjavík.
 Sigríður Sigurðardóttir frá Stóru-Ökrum, Blönduhlíð.
 Snjólaug Guðmundsdóttir, Árnesi, Lýtingsstaðahreppi.
 Sólveig Arnórsdóttir, Útvík, Staðarhreppi.
 Sólveig Felixdóttir og Guðmundur Gunnarsson, Sóltúni 7, Keflavík.
 Sögufélag Skagfirðinga.
 Tryggvi Guðlaugsson frá Lónkoti, Sauðárkróki.
 Ögmundur Svavarsson, Öldustíg 13, Sauðárkróki.

Skjalasöfn hreppanna í Skagafjarðarsýslu (frh.)

| | | | |
|---|-----------|---|------------------------|
| Staðarhreppur | | Fundagerðabók | 1915-1973 |
| | | Sjóðabók | 1938-1948 |
| Kaupfélag Skagfirðinga — Staðardeild | | Hrossaræktarfélag Staðarhrepps | |
| Fundagerðabók | 1908-1931 | Skjöl | 1920-1931 |
| Kvenfélag | | Skattanefnd | |
| Fundagerðabók | 1908-1928 | Gerðabók | 1922-1929 |
| | | — | 1930-1937 |
| | | — | 1938-1956 |
| | | — | 1958-1961 |
| Innlána- og sjóðbók | 1923-1940 | Skjöl | 1929-1947 |
| Veðlána- og reikningabók | 1923-1930 | | |
| Brunabótasjóður | | Sáttanefnd | |
| Iðgjaldabók | 1919-1932 | Gerðabók | 1904-1936 |
| Sjóðbók | 1919-1930 | Hrossakynbótanefnd | |
| Vátryggingabók | 1919-1933 | Skjöl | 1928-1931 |
| Virðingabók | 1919-1933 | | |
| Búnaðarfélag | | Hreppsnefnd | |
| Fundagerða- reikninga- og skýrslubók | 1889-1928 | Fundagerðabók | 1882-1911 1912-1969 |
| | | — | |

| | |
|----------------------|-----------|
| Bréfabók | 1907-1911 |
| — | 1911-1946 |
| Dagbók | 1908-1937 |
| Hreppsþók/sveitarþók | 1802-1836 |
| — (afrit) | 1802-1836 |
| — | 1871-1900 |
| — | 1901-1933 |
| — | 1934-1960 |
| Viðskiptamannabók | 1931-1945 |
| — | 1950-1956 |
| — | 1957-1962 |
| Reikningar | 1893-1909 |

Hreppstjóri

| | |
|------------------------------------|------------|
| Bréfabók | 1797-1837 |
| Hreppaskilabók/skýrslubók | 1883-1918 |
| — | 1917-1940 |
| Bók með blönduðu efni | 1886-1927 |
| Uppskrifta/virðinga/ uppboðsbók | 1881-1900 |
| — | 1900-1912 |
| — | 1912-1922 |
| — | 1923-1937 |
| Úttektabók | 1881-1885 |
| — (í uppskr.b.) | 1881-1900) |
| — | 1886-1935 |
| Reikningar | 1817-1820 |
| — | 1821-1822 |
| — | 1824-1859 |
| Búnaðarskýrslur | 1826-1860 |
| — | 1946-1952 |
| — | 1954-1963 |
| Hundahaldsbók | 1875-1936 |
| Bréfabók | 1928-1953 |

Viðvíkurhreppur

Hreppstjóri

| | |
|---------------------------|-----------|
| Bréfabók | 1820-1831 |
| — | 1839-1847 |
| Bréf | 1836-1871 |
| Bréfaskrá | 1786-1875 |
| Hreppaskilabók/skýrslubók | 1878-1901 |
| — | 1900-1916 |
| — | 1916-1934 |

| | |
|------------------------------------|-----------|
| Uppskrifta/virðinga/ uppboðsbók | 1890-1922 |
| — | 1924-1937 |
| — | 1938-1964 |

| | |
|-----------------|-----------|
| Úttektabók | 1876-1914 |
| — | 1912-1930 |
| — | 1930-1963 |
| Reikningar | 1817-1818 |
| — | 1823-1825 |
| — | 1826-1859 |
| Búnaðarskýrslur | 1826-1857 |
| — | 1859-1860 |

Hreppsnefnd

| | |
|----------------------|-----------|
| Fundagerðabók | 1910-1951 |
| Bréf | 1886-1894 |
| Hreppsþók/sveitarþók | 1791-1838 |
| — | 1838-1883 |
| — | 1886-1933 |
| — | 1934-1941 |
| Forðagæslubók | 1914-1969 |
| Reikningar | 1893-1909 |

Skattanefnd

| | |
|----------|-----------|
| Gerðabók | 1922-1935 |
| — | 1935-1962 |

Skólanefnd

| | |
|----------|-----------|
| Prófbók | 1909-1950 |
| Dagbækur | 1947-1952 |
| — | 1953-1962 |
| — | 1963-1964 |
| — | 1965-1966 |

Sáttanefnd

| | |
|----------|------|
| Gerðabók | 1940 |
|----------|------|

Búnaðarfélag

| | |
|---|-----------|
| Fundagerða- reikninga- og skýrslubók | 1892-1970 |
|---|-----------|

Nautgriparæktarfélag

| | |
|---|-----------|
| Fundagerða- reikninga- og skýrslubók | 1914-1955 |
|---|-----------|

Ungmennafélagið Æskan í Hofstaðasókn

| | |
|---------------|------------------------------|
| Fundagerðabók | 1914-1917 |
| | og 1925-1969 |
| | (fél. þá orðið lestrarfélag) |

Skagafjarðarsýsla

Hér verða aðeins nefnd örfá handrit sýsluskjalasafns, helzt þau er safngestir nota mikið.

Sýslunefnd

| | |
|-----------------|-----------|
| Gjörðabók | 1874-1883 |
| — | 1884-1893 |
| — | 1894-1907 |

Landamerkjaskrá Skagafjarðarsýslu

| | |
|--|------|
| Jarðabók Skagafjarðarsýslu (afrit) | 1760 |
|--|------|

| | |
|------------------------------|------|
| Jarðamat úr Skagafirði | 1849 |
|------------------------------|------|

| | |
|------------------------------|-----------|
| Jarðaaafgjaldaskýrslur | 1853-1859 |
|------------------------------|-----------|

Búnaðarskýrslur

| | |
|--|-----------|
| Yfirlit með hliðsjón af einstökum hreppaskýrslum | 1826-1860 |
|--|-----------|

Fjárkláðinn

| | |
|--|------|
| Fjárkláðinn og skýrslur hreppstjóra um ýmis sveitarmálefni | 1857 |
|--|------|

| | |
|---------|------|
| — | 1858 |
|---------|------|

| | |
|------------------------------------|------|
| Skýrslur um fjárkláðann o.fl. | 1859 |
|------------------------------------|------|

Fátækramál

| | |
|--------------------------------------|-----------|
| Fátækrastrjórn og stjórnarkorn. | 1867-1868 |
|--------------------------------------|-----------|

Úr Héraðsskjalasafni

Höfundur eftirfarandi þátta, Hannes Hannesson kennari og bóndi á Melbreið í Fljótum, fæddist 25. marz 1888, lézt 20. júlí 1963. Hann stundaði nám í Gagnfræðaskólanum á Akureyri 1909-1910, tók kennarapróf 1917, var síðan kennari í Fljótum í áratugi. Hann gegndi fjölmörgum störfum fyrir sveit sína. Hannes ritaði margt. Handrit hans eru nú varðveitt í Héraðsskjalasafni Skagfirðinga.



K. B.

Hannes Hannesson, Melbreið.

Kona verður úti á Lágheiði

Í slysfaradálki fyrir árið 1897 stendur þessi klausa í Þjóðvinafélags almanakinu fyrir árið 1899:

„Varð úti á Lágheiði, milli Ólafsfjarðar og Stíflu, Ingibjörg nokkur frá Þrasastöðum í Stíflu“. Þetta gerðist 1. maí 1897. En hver var þessi Ingibjörg, og hvað var hún að fara? — Ingibjörg var Bergsdóttir, Jónssonar og Katrínar Þorfinnsdóttur konu hans, sem lengi bjuggu ágætu búi á Þrasastöðum í Stíflu. Bróðir hennar var Guðmundur Bergsson, sem bjó allan sinn búskap á Þrasastöðum, hraustmenni mikið og hinn ágætasti maður. Systir hennar var Guðrún, sem lengi bjó á Ytri-Hofdölum, fyrst með fyrri manni

sínum, Magnúsi Gunnlaugssyni, og svo með seinni manni sínum, Sigtryggi Guðjónssyni. Fleiri voru þau systkini.

Ingibjörg var ógift, en átti eitt barn með Sigurði Þorkelssyni bónda að Melbreið í Stíflu, hinum merkasta manni. Var það sonur, og heitir sá Guðmundur og er verkstjóri hjá Síldarverksmiðjum ríkisins á Siglufirði.

Fyrsta maí 1897 bar svo til, síðari hluta dags, að kona úr Ólafsfirði, Guðrún Jónsdóttir að nafni, kom að Þrasastöðum. Var hún á heimleið. Guðrún var þar málkunnug og stanzaði nokkuð. Bað hún Ingibjörgu að ganga með sér þar fram á heiðina. Veður var ískyggilegt. Vildi húsmóðir á Þrasastöðum, að Guðrún færi hvergi, en piltar voru ekki heima til að fylgja henni. Ekki vildi Guðrún vera, og fór Ingibjörg með henni. Kvaðst hún skammt fara og lofaði fjöggra ára dreng, sem Bergur hét og var bróðursonur hennar, með sér.

Veður fór versnandi er á daginn leið og gerði hörku hríð með fannburði.

Þegar piltar komu heim um kvöldið, fóru þeir Guðmundur bróðir Ingibjargar og Sigtryggur, sem áður er nefndur, að leita þeirra, Guðrúnar og Ingibjargar. Fóru þeir út heiðina, kölluðu og hóuðu, en allt kom að einu, ekkert sáu þeir eða heyrðu. Fóru þeir unz þeir komu að Hreppsendaá,* sem er fremsti bær í Ólafsfirði vestan ár. Ekki höfðu þær þar komið. Snéru leitarmenn þá við og héldu fram á Lágheiði aftur og maður frá Hreppsendaá með þeim. Leitustu þeir um heiðina alllangan tíma. Loks fundu þeir konurnar nokkuð úr alfaraleið, efst í svokölluðum Hreppsendaárhólum. Var að mestu eða öllu skefllt yfir þær. Guðrún var hress eftir atvikum og drengnum leið vel, því Ingibjörg hafði reytt af sér fötin til að hlúa að honum; sjálf var hún að bana komin, var þó með lífsmarki. Bar Guðmundur hana í fanginu í ófærðinni og gegn hríðinni heim að Hreppsendaá. Er það allangur vegur, og undrudust menn slíka karlmennsku. Sagt er, að Ingibjörg hafi dáið í fanginu á honum inn göngin á Hreppsendaá.

* Milli Þrasastaða og Hreppsendaár er tveggja tíma gangur.

Tveir menn verða úti á Siglufjarðarleið

Árið 1903, 8. marz, lögðu tveir menn frá Siglufirði inn í Fljót. Var ferðinni heitið til Haganesvíkur þeirra erinda að sækja feitmeti, því að hákarlavertíð fór í hönd frá Siglufirði, en smjör var ekki fánlegt í verzlunum þar. Gránufélagið stofnaði aldamótaárið verzlun í Haganesvík, og viðskipti Fljótamanna beindust þangað með landbúnaðarvörur.

Menn þessir voru: Finnbogi Hafliðason bóndi í Skarðdal. Hann var sonur Hafliða, sem kallaður var „Fljótaskáld“, bónda á Hamri í Fljótum og víðar, Finnbogasonar, Jónssonar. Kona Hafliða hét Guðrún Steingrímsdóttir bónda á Hamri. Finnbogi var kvæntur Jóhönnu Magnúsdóttur, alsystur Jóns, sem lengi bjó á Helgustöðum í Austur-Fljótum og dó þar árið 1912. Þau Finnbogi og Jóhanna áttu tvö börn ung. Fátæk voru þau og máttu kallast frumbýlingar. Voru hin fyrstu búskaparar sín í vinnumennsku.

Hinn maðurinn hét Helgi, sonur Sigfúsar bónda í Skarðdalskoti, næsta bæ við Skarðdal. Hann var um tvítugt, hinn mesti efnismaður.

Segir nú ekki af þeim félögum annað en það, að þeir koma til Haganesvíkur og fengu þar góða afgreiðslu. Þaðan fóru þeir að Lambanesi og tóku þar prjónles, er þeir og fleiri Siglufjarðingar áttu, því prjónavélar voru þá ekki komnar til Siglufjarðar, en húsrú Sigurlaug Sæmundsdóttir, kona Kristjáns Jónssonar bónda í Lambanesi, átti prjónavél, hina einu sem til var í Fljótum þá og lengi síðan.

Frá Haganesvík héldu þeir áleiðis heim. Var þá farið að halla degi. Komu þeir að Hraunum litlu fyrir rökkur og beiddust drykkjar, sem þeim var veittur. Húsbændur voru ekki heima, en ráðskona bauð þeim í bæ, vildi, að þeir þægju góðgerðir, en þeir höfnuðu, sögðu sem satt var, að senn væri komið myrkur, en héldu þeir áfram tafarlaust mundu þeir ná upp á Siglufjarðarskarð, áður dimmt yrði.

Þá var fjármaður á Hraunum Einar, sem kallaður var „vitlausí“, Jónsson, Þorleifssonar frá Stórholti. Einar hafði búið á Lundi í

Stíflu, en tapaði sér, er hann missti barn aldamótaárið. Sama ár var eignarhlutur hans í Lundi, er hann bjó á, tekinn af honum upp í skuld. Hljóp hann þá frá konu og búí að Hraunum og var þar mörg ár.

Nú var það, þegar þeir félagar eru að búast af stað, að Einar kemur heim á hlaðið frá gegninum. Heilsast þeir Finnbogi vinsamlega, því að þar voru kunnugleikar á milli. Segir þá Einar formálalaust: „Vertu í nótt, Bogi minn, því það gerir manndrápsbyl í kvöld.“ Ekki vildu þeir félagar heyra það; kveðja í snarti og leggja á fjallið.

Einar gekk til baðstofu, settist þar, reri mikið fram í gráðið og tautaði fyrir munninn sér í sífellu: „Þeir drepa sig, þeir drepa sig.“ Ekki þótti griðkonum spádómur sá góður, og höfðu orð á því við Einar, hversu tal hans væri óguðlegt. Einar snerist ekki vel við þessum aðfinnslum og sagði af þjósti: „Þeir eru báðir feigir. Ég sá það, þegar þeir komu heim túnið, þeir gengu báðir höfuðlausir.“ Varð griðkonum ekki um sel og létu talið niður falla. Veðri var svo farið þennan dag, að heiðskírt var og hægviðri, en bakki nokkur til hafs og sjór í uppgangi. Var svo enn, er þeir félagar fóru frá Hraunum. En er þeir voru fyrir nokkru farnir, dimmdi skyndilega, og skipti það engum togum, að þegar rak á hið mesta foraðsveður, norðaustan með óhemju fannburði og dimmviðri. Stóð hríð þessi í þrjá daga, að vísu ekki alltaf jafnvond. Á þriðja degi hægði nokkuð og birti, en þó var fannkoma þann dag til enda.

Nú skal víkja að því, er áður var frá horfið. Þegar hríðin skall á, setti alla hljóða á Hraunum. Fólkið huggaði sig þó við það, að þeir félagar hefðu verið komnir norður yfir Skarðið og náð heim til sín, og það því fremur sem þeir voru báðir afburða röskir menn. Finnbogi var þaukunnugur þessari leið. Þá var ekki síminn milli Siglufjarðar og Fljóta til að hlaupa í og fá fregnir um afdrif þeirra. Varð því að bíða og vona hið bezta.

Á þriðja degi birti til, eins og áður segir. Fór þá vestanpóstur yfir Skarðið; komið hafði hann við á Hraunum og frétt, að þeir félagar hefðu farið þaðan nokkru áður en hríðin skall á. Póstinum gekk vel yfir fjallið, en varð einskis var. Þegar spurðist á Siglufirði, að þeir

félagar hefðu lagt á Skarðið og væru enn ekki komnir fram, þótti þá sýnt, að þeim hefði hlekkzt á. Var þegar brugðið við, safnað mönnum og leit hafin. Var hin venjulega leið yfir Skarðið athuguð, ef þeir hefðu grafið sig í fönn, en sú leit bar ekki árangur. Var svo leitað bæði í norður- og suðurhlíðum Skarðaldsdals af fjölda manna. En er þeir, er suðurhlíðina leituðu, voru komnir niður undir dalsmynni sunnan ár að svokölluðum Rjómalæk, sem kemur ofan úr fjalli því er Sútur heita, koma þeir á harðspora, og virðist hann liggja niður af fjallinu. Þar nokkru neðar nær ánni eru sléttir fletir þar sem lækurinn rennur í ána. Röktu þeir harðsporann þangað, var þar traðk mikið eins og gengið hefði verið þar aftur og fram. Við þennan læk á sléttum fleti lágu þeir félagar báðir örendir. Hvort þeir hafa dáíð á fyrsta eða öðrum sólarhring, veit enginn, en hitt þóttust menn vissir um, að þeir hafi verið of sunnarlega, líklega hrakið undan veðrinu. Þótti líklegt, að þeir hefðu villzt frammi í dalsbotninum að sunnan, því að þar er auðn nokkur, en haldið sig of nærri fjallinu og komið fram á brún þá, er verður norðan undir Súlum, áttað sig þar og haldið niður af brúninni og ætlað að ná ánni, sem þeim og líka tókst. Hvað sem því hefur valdið, komust þeir aldrei lengra. Þóttust menn sjá, að þarna hefðu þeir verið ekki allskamma hríð; það sýndi traðkið, er þarna var. Þá er það og fullvíst, að Finnbogi hefur dáíð á undan, því að lík hans var lagt til og nokkurn veginn fennt í kaf, en lík Helga lá á grúfu. Sennilegast þótti, að Finnbogi hefði veikzt og ekki komizt lengra. Hvað lengi Helgi hefur setið yfir honum, unz yfir lauk, veit enginn. Þá þótti það og víst að þeir hefðu báðir tapað höfuðfötum sínum, því að af prjónlesinu, sem þeir voru með, höfðu þeir tekið skyrtur og vafið um höfuð sér og háls.

Slys þetta var þeim mun sorglegra, þar sem mennirnir voru næstum á réttri leið, ekki meira en tuttugu mínútna gang frá heimilum sínum.

Lát Schrams og brottgengi sona hans

(Úr Húnavetninga sögu Gísla Konráðssonar (Hsk. 34, 4to) með viðauka úr Sögu frá Skagfirðingum og skýringum).

Kristján Gynther Schram kaupmaður í Höfða, er verið hafði, var nú kominn að Höfðahólum, en síðar var hann að Spákonufelli og fór eigi allskamma hríð frá verzlun. Var hann nú blindur orðinn og gamall. Andaðist hann þessi missiri¹ og var þá kominn mjög á ölmusu sökum fátæktar. Hann hafði verið hvatlegur maður og vel viti borinn og jafnan kallaður góður drengur.

Jóhann Schram var sonur hans og nam silfursmíði í Kaupmannahöfn, en út var hann kominn til vistar á Brúarlandi, til Páls prests Erlendssonar, Hjálmarssonar, og vildi hann fá Ragnheiðar dóttur prests og Elínar Halldórsdóttur Vídalíns, konu hans.

Reri hann þetta vor² til Drangeyjar. Var hann svo fimur í klettum, að hann kom sigum á dranga þann við eyna, er Kerling kallast, og allt fór hann á topp henni og flaggaði þar.³ Vissu menn eingin dæmi þess. Aflaði hann á Kerlingu mjög vel, bæði fugl og egg. En ærin var dirfska hans. Gekk hann fyrst á smánöglum einum á brjóst henni, að kallað er. Er það hilla breið á henni og veit til landsuðurs. Dró hann naglana jafnóðum út, er hann gekk á og rak í bjargið upp eftir, en þá hann var nær kominn hillubrúninni, sveik hann nagli, en náði í því tveim fingrum upp á hillubrúnina, og upp fékk hann vegað sig á 2 nöglum. Fyrir því var það, að Ólafur stúdent Ólafsson⁴ kvað svo í gamni síðar í brúðkaupsvísunum á giftingardegi Schrams og Ragnheiðar Pálsdóttur:

Þegar neyð að nístir framt
og nærri er taptur heimur,
á henni hangir aldrei samt
allur á nöglum tveimur.

¹ Christian G. Schram fæddist 8. júlí 1772, lézt 27. maí 1839. K.B.

² Þ.e. vorið 1839.

³ Kerling er rúmlega 100 metra standberg. K.B.

⁴ Hér er átt við séra Ólaf Ólafsson „stúdent“, Fagranesi. K.B.

Fyrir því að skáldið tók sér yrkisefni af för hans á Kerlinguna. En í því Schram vó sig upp á hilluna missti hann skjóðu, er naglar voru í og hamarinn fyrir bjargið í sæ niður, því hvervetna fellur hann í kring umhverfis dranginn, og verður ekki skipi að lagt nema í ládeyðu. Fengu menn þá varpað færi til hans úr skipi því, er hann var af og flutti hann þangað. Komst hann með þeim hætti ofan og gat komið á sigunum.

Var það og öðru sinni, að hann varpaði færi með steini á enda yfir toppinn, er klofi var á að ofan og aukizt hafði í jarðskjálftanum⁵ og komst við það á hann upp. Var það mest til að reyna frækleikinn, því ei fannst það annað uppi en fálkahreiður.⁶ Það hafði og hann til leiks, að hann gekk laus, hátt uppi í Háubrík, og lét ungling þann Indriði hét, son Gísla Konráðssonar, er þar réri með föður sínum, standa á öxlum sér til að grýta skarfa og ná eggjum. Þótti þetta dirfska meiri en menn vissu til þeirra Sveins Auðunarsonar frá Fagranesi, fóstursonar Magnúsar prests Árnasonar, er á nöglum gekk upp í Gíslahelli í Heiðnabergi og fór víða á handvað um; bjó hann síðan á Hóli á Skaga og síðast á Sævarlandi, vitur maður og vel að sér; og Bjarña bónda Jónssonar í Kálfárdal, föður þeirra Ísleifs, er vel var fær í bjargi, og Guðmundar. Ella þeirra Jóns Sveinssonar smiðs á Sleitubjarnarstöðum, bróður Ólafs hreppstjóra

⁵ Hann reið yfir nóttina nilli 11. og 12. júní 1838. K.B.

⁶ Í Sögu frá Skagfirðingum er þessi viðbót:

„Það var öðru sinni, að hann var uppi staddur, en hann var vanur jafnan að stökkva af bjargbrúninni á hillu skammt fyrir neðan brúnina. Þar stóð steinn fram á hillubrúninni, stór nokkuð svo, og nam hann staðar við steininn, hvert sinn er hann hljóp ofan á hilluna, en eigi var þó steininn fastur við hana, og nú í þetta sinn hleypur hann fram af bjargbrúninni ofan á hilluna sem fyrri, en hugðist að nema staðar við steininn; og er hann kom niður á hilluna, hrökk steininn fram af og Jóhann sjálfur með, en vegna þess að honum var lengra líf ætlað, þá nam hann staðar á breiðri hillu hér um 10 faðma fyrir neðan háhilluna, sem hann hrapaði af, og kom þar standandi; varð honum lítið eður ekkert meint við. Nú var hann í fári staddur, því engi maður mátti duga honum. Hann hafði á sér sjálfskeiðingskníf, er hann tók og gjörði holar í bjargið, hverja upp af annarri, með knífnum. Tókst honum það vel, vegna mýktar bergsins, setti síðan tærnar í bergið og klifraði upp; en er hann þreyttist, fór hann í millum ofan aftur á hilluna að hvíla sig, tók síðan til aftur og fékk um síðir þannig gjört sér spor upp alla leið; fór síðan ofan á hilluna, fór úr sokkum og skóm, batt á bak sér, klifraði svo alla leið á bjargið upp úr allri hættu. En kaðall sá, er hann setti á drangann ofanverðan og niður af honum alla leið, voru 60 faðmar að lengd, er hann hafði til á að fara upp og ofan.“

á Æsustöðum. En móðir Jóns var Þuríður hin skáldmælt, dóttir Sigmundar frá Skuggabjörgum, er druknaði fyrrum við Drangey. Var Jón afar vel að sér í talnafræði og öðru, og svo Sigurðar Sigurðssonar frá Egg í Hegranesi, en báðir hröpuðu þeir til dauða, Sigurður og Jón í eygni.

Schram fékk síðar Ragnheiðar Pálsdóttur og fór að búa á Brúarlandi.⁷ Gjörðist hann síðar sigmaður í Drangey og tók að fara miklu varlegar en áður, og er að sjá að honum ofbyði hin fyrri dirfska sín, er frá leið.



Kerling við Drangey.

⁷ Séra Páli fannst mikið til um frækneik tilvonandi tengdasonar. Þegar hann sumarið 1839 ritaði sóknarlýsingu fyrir Hið íslenska bókmenntafélag víkur hann að þessu efni í aðfararorðum:

„Stúdent Konráð Gíslason hefir séð háan stróka hér við Drangey, sem við heitum Kerlingu. Hún er standberg, þéttsetin með fugl á vordag. Á hana hefur enginn reynt til að fara, svo nokkur viti eða saga segi frá. Í vor kom hér einn Húnvetningur, sem setti á hana kaðla, handvaðsnagla og speldi og veiddi síðan eftir því sem gjafarinn alls þess góða vildi úthluta.

Þið Íslands synir! Látið þið ekki íslenska unglínginn vinna fyrir ekkert. Eg mun víðar en á þessu blaði leitast við, að hann njóti sanngirni. Margur hefur fengið heiðurspening fyrir minna, og að þú heiðraða, íslenska bókmenntafélagsdeild vildir styrkja til þess þakkar og virðir

Páll Erlensson.“

Fyrir lítið mun hafa komið styrksúmsóknin til handa Jóhanni, „fordi han har klývjet paa Kjellingen“, eins og í úmsókninni sagði. — En þau urðu örlög Jóhanns, að hann týndist með Eyhildarholtsduggunni, fyrsta þilskipi Skagfirðinga, hinn 16. apríl 1847. — K.B.

Úr myndasafni

Í Héraðsskjalasafni er allmikið safn svonefndra atburðamynda og myndefnið jafnfjölskrúðugt og athafnir manna gefa ástæðu til. Þessar myndir eru enn að mestu óskráðar, en grófflokkaðar, flestar úr Skagafirði, en þó margar úr öðrum héruðum. Þær hafa annars konar heimildagildi en myndir af mönnum, sem lýsa einkahögum þeirra, fjölskyldu, jafnvel aldarhætti og skapgerð, og einatt nákomnar ættingjum og vinum, og þó hafa sumar mannamyndir öðlazzt hærri sess, vegna þess að ævi og starf einstaklinga hefur borið



Mynd nr. 1. Frá hafnargerð á Sauðárkróki 1938-1939.

frá hinu venjulega; Jónas Hallgrímsson, Hannes Hafstein. Almennt hafa þær myndir meira gildi, sem teknar eru af fólki í hversdagsönn, þjóðlífsmyndir.

Myndir af mannvirkjum og atburðum eru samtímaheimildir, og vægi þeirra ræðst af þeim upplýsingum, sem unnt er að afla um mynd og myndefni. Mynd nr. 1. væri t.d. lítils virði, ef ókunnugt væri með öllu hvar og hvenær hún var tekin. En hún öðlast líf með frásögn heimildamanns: Jón N. Jónasson tók ljósmyndina sumarið 1938 eða '39 af hafnargerð á Sauðárkróki. Gardurinn er að nokkru frágenginn, og við landenda hans standa „rambúkkar“, sem notaðir voru til að reka niður staura og síðan tréþil á milli þeirra. Grjóti var ekið að garðinum norðanverðum, en það var smátt í sniðum og ekki brimþolið, svo steiptar voru 5 tonna þungar „blokkir“ og haldið í fláa ofan á grjótið upp að þili. Þær sjást í röðum t.v. við garðinn og í horninu t.h. Hafnarhúsið svonefnda, var reist vegna hafnargerðarinnar. Skrifstofa var í suðvesturenda þess (gluggi t.h.), en kaffistofa verkamanna í suðausturhorni. Í norðurenda hússins



Mynd nr. 2. Frá sama stað hartnær hálfri öld síðar.

var verkfærageymsla. (Heimildamaður: Sveinn Sölvason, en hann starfaði við hafnargerðina sumurin 1937-39).

Mynd nr. 2 tók Hjalti Pálsson á sama stað í október 1985, og sýnir hún einkar vel hvað miklu landi hefur skolað úr sjó hartnær hálfri öld og lagt grunn undir fiskverkunarhús og aðra starfsemi.

Saman segja þessar myndir meira en mörg orð, en þó ekki nema hálfu sögu, því að athafnir manna eiga sér flestar orsakir eða tilgang, sem leita verður í öðrum heimildum.

Sölvi Sveinsson.

SÖGUFÉLAG SKAGFIRÐINGA

SAFNAHÚSINU, SAUÐÁRKRÓKI

Sími (95)5424

Aðalumboðsmenn:

Árni M. Jónsson, Grundarstíg 1, Skr., heimasími 5128
Hjalti Pálsson, Safnahúsinu, Sauðárkróki, sími 5424

Umboð á Akureyri:

Jón A. Jónsson húsvörður, Þórunnarstræti 104, sími 26850

Umboð í Reykjavík:

Sögufélagið, Garðastræti 13b, sími 14620

Hver er maðurinn?

Eftirtaldar myndir í 8. árg. Safnamála (1984) hafa verið nafngreindar: Maðurinn til hægri á mynd nr. 145 er Jón Erlendsson frá Marbæli í Óslandshlíð. Upplýsingar Björns Jónssonar, Bæ. — Ljósmynd nr. 150 er af Stefáni Magnússyni, Flögu, Vatnsdal, og konu hans, Ingibjörgu Magnúsdóttur. Milli þeirra er Rannveig dóttir þeirra. Upplýsingar veittu Þórhildur Ísberg, Blönduósi, og Pétur Sigurðsson, Selfossi. Sbr. og P. V. G. Kolka: Föðurtún, Reykjavík 1950, bls. 267. — Á mynd nr. 156 er Andrés Árnason, verzlunarstjóri á Skagaströnd. Ábending Þórhildar Ísbergs, sbr. og Föðurtún, bls. 36. — Lestina rekur hér mynd nr. 159, sem er af Maríu Kristínu Stephensen, f. 1883 á Möðruvöllum í Hörgárdal, laundóttur Þorvaldar Thoroddsens náttúrufræðings. Ábending Sigurjóns Páls Ísakssonar, Reykjavík.

Um ónafngreindar myndir, sem hér birtast, er þetta helzt að segja: Mynd nr. 165 er ómerkt; mynd 166 er tekin í Oslo; 167. mynd tók Eyjólfur Jónsson, Seyðisfirði; nr. 168 er ómerkt; maðurinn á mynd nr. 169 sat fyrir hjá Arnóri Egilssyni, Bjarnastöðum; konuna á mynd 170 ljósmyndaði Árni Thorsteinson, Reykjavík; Hallgrímur Einarsson, Seyðisfirði, er höfundur mynda 171, 172, 173; maðurinn á mynd nr. 174 sat fyrir hjá P. Brynjólfssyni, Reykjavík; myndirnar nr. 175, 176, 177 og 178 eru teknar á ljósmyndastofu Sigfúsar Eymundssonar, Reykjavík; nr. 179 er trúlega tekin í Kaupmannahöfn; mynd 180 með vissu tekin þar; konurnar þrjár á mynd 181 sátu fyrir hjá Arnóri Egilssyni, Bjarnastöðum; mynd nr. 182 er án höfundarnafns.

K. B.



165



166



167



168



169



170



171



172



173



174



175



176



177



178



179



180



181



182



Minningarkort

Fræðasjóðs
Skagfirðinga
fást í

Safnahúsinu
við Faxatorg,

Verzlun Haraldar
Júlíussonar

og hjá

Kára Jónssyni,
Smáragrund 16

útlán

BÓKASAFNIÐ


| | |
|-----------------------|---------------------|
| Mánudaga | kl. 4.00— 7.00 s.d. |
| Þriðjudaga | kl. 4.00— 7.00 s.d. |
| Miðvikudaga | kl. 4.00— 7.00 s.d. |
| Fimmtudaga | kl. 7.30—10.00 s.d. |
| Föstudaga | kl. 2.00— 6.30 s.d. |

Lestrarsalurinn er opinn á sömu tímum.

HÉRAÐSSKJALASAFNIÐ

er opið til afgreiðslu

| | |
|----------------------|---------------------|
| Fimmtudaga | kl. 8.00—10.00 s.d. |
| Föstudaga | kl. 2.00— 6.00 s.d. |



SAFNAHÚS
SKAGFIRÐINGA